

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

30. október 2025
UOS2501517/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2. október 2025 – ID 170

Þann 2. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Stolt Sea Farm Iceland hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:

1. Upplýsingar sem eiga að koma fram í ársyfirliti skulu settar fram á skýran og auðlesinn hátt.
2. Öryggisblöð skulu vera aðgengileg alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu:

1. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá m.a. eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Ílát skulu standa á lekabyttum sem geta tekið við því magni sem stendur á þeim.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. nóvember 2025.

Virðingarfyllt,

Freyr Ævarsson
sérfræðingur í teymi eftirlits

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits